

## STF-2015-01 Hvað er í matinn? Og hönnunarsamkeppni

Í sumar fékk verkefnið Skaftárhreppur – Hvað er í matinn? viðurkenningu sem annað sætið í EDEN gæðaáfangastaður í matartengdri ferðamennsku árið 2015. Viðurkenningin er tilkomin vegna vinnu Friðar og frumkrafta við að sameina landbúnað og ferðaþjónustu og koma á samtali á milli þessara tveggja greina, ásamt frábærum afurðum úr Skaftárhreppi. Áframhald verður á verkefninu Hvað er í matinn? þar sem leitast verður leiða við að nýta sem best viðurkenninguna og hvernig megi ná enn lengra í matartengdri ferðamennsku. Boðið verður upp á námskeið og fræðslu m.a. um hvernig megi nýta náttúruna og þau hráefni sem við höfum í kringum okkur betur, auk þess sem svokallað Food trail verður útbúin.

Markmiðið er að bjóða á upp á námskeið og fræðslu um hvernig megi nýta náttúruna og þau hráefni sem finnast í nágrenninu, auk þess sem svokallað Food trail verður útbúið. Haldin verður hönnunarsamkeppni um minjagrip úr Skaftárhreppi með vísan í sögu, náttúru og/eða menningu svæðisins úr hráefni af svæðinu.

Vonir standa til að verkefnið sé einnig atvinnuskapandi því vinningshafinn muni hafa atvinnu og tekjur af framleiðslunni í hlutastarfi. Verkefnið mun vera hvetjandi fyrir íbúa svæðisins til að efla sköpunarkraftinn og koma sínum gripum á framfæri. Auk þess sem verkefnið mun vekja bæði íbúa og ferðamenn til umhugsunar um sögu, náttúru og/ eða menningu Skaftárhrepps.

Málþing verður haldið í byrjun nóvember þar sem rætt verður hvar tækifæri Frið og Frumkrafta og Kötlu Jarðvangs geta legið saman. Hvernig sé best að vinna að sameiginlegum málefnum, hvernig hag beggja sé best komið í framtíðinni og hver samstarfsgrundvöllur þeirra geti verið. Rætt verður hvernig hægt sé að nýta þau tækifæri sem jarðvangurinn hefur uppá að bjóða og hvernig það gagnist íbúum hreppsins.

Verkefninu var úthlutað kr. 2.000.000.- árið 2015.